



Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2018

Efni: Bókun háskólaráðs Háskóla Íslands um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2019-2023, þingskjal 716 - 494. mál.

Á fundi háskólaráðs Háskóla Íslands 12. apríl sl. var rætt um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir tímabilið 2019-2023. Að umræðu lokinni var svohljóðandi bókun samþykkt einróma:

„Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að ná skuli OECD meðaltali fjárveitinga til háskóla árið 2020. Miðað við núverandi forsendur þyrfti framlag til háskólastigsins að aukast um 5 milljarða kr. hið minnsta til að ná þessu markmiði. Því er að óbreyttu ekki útlit fyrir að meðaltali OECD ríkjanna verði náð á tímabilinu sem fjármálaáætlunin nær til.

Háskólaráð Háskóla Íslands fagnar þeirri aukningu sem von er á fyrir árið 2019 og hvetur stjórnvöld um leið áfram á þeirri vegferð sem boðuð er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Fjárfesting í háskólastiginu er mikilvæg fjárfesting í innviðum landsins sem skilar sér margfalt til baka til samfélagsins.“

Rétt er jafnframt að benda á að í fjármálaáætluninni er ekki minnst á kostnað við uppbyggingu Heilbrigðisvísindasviðs HÍ í tengslum við byggingu nýs Landspítala (LSH), en af hálfu háskólans hefur verið gert ráð fyrir að kostnaður vegna hennar sé um 8 ma.kr. Afar brýnt er að þessi uppbygging fari fram samfara uppbyggingu meðferðarkjarna Landspítalans.

Virðingarfyllst,

Jón Atli Benediktsson, rektor